

## REGLUGERÐ nr. 8/2009 um skoðun ökutækja.

Sbr. reglug. 665/2009, gildist. 29. júlí 2009, rg. 448/2011, gildist. 29. apríl 2011, reglug. 836/2012, gildist. 1. október 2012, reglug. 1175/2012, gildist. 27. desember 2012, reglug. 1152/2014, gildist. 1. janúar 2015, reglug. 367/2015, gildist. 21. apríl 2015 og rg. 1087/2018, gildist. 30. nóvember 2018

### I. KAFLI Markmið og gildissvið.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Reglum um skoðun ökutækja er ætlað að stuðla að auknu umferðaröryggi með því að tryggja að ökutæki sé í lögmæltu ástandi til þess að hætta af notkun þess verði sem minnst.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerðin gildir um lögmæltu skoðun ökutækja sem skráð eru hér á landi, hvaða ökutæki færa skal til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) og til annarrar skoðunar, hver skal skoða, um tíðni skoðunar, hvað skal skoða og hvernig.

### II. KAFLI

#### Reglubundin almenn skoðun (aðalskoðun).

#### 3. gr.

##### *Ökutæki sem færa skal til aðalskoðunar.*

[Ökutæki, skráð hér á landi, nema dráttarvél, torfærutæki og létt bifhjól í flokki 1, skal færa til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) í samræmi við reglugerð þessa.]<sup>1</sup>

Eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á að það sé fært til skoðunar.

Þegar umráð ökutækis byggjast á eignaleigusamningi við fjármálafyrirtæki, þar sem fjármálafyrirtækið er eigandi ökutækis, hvílir skyldan til að færa ökutækið til skoðunar á umráðamanni ökutækis.

Nú er framvísað gögnum frá öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem sanna að vélknúið ökutæki sem færa skal til skoðunar hafi verið skoðað. Skal þá taka gögnin gild enda beri þau með sér að skoðunin sé sambærileg við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu um skoðun ökutækja.

#### 4. gr.

##### *Aðalskoðun.*

Með þeim undantekningum, sem tilgreindar eru í 5. gr., skal færa til aðalskoðunar:

- a) bifreið, bifhjól og skráðan eftirvagn í fyrsta skipti á fjórða ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni, að skráningarárinu frátöldu, síðan annað hvert ár í tvö næstu skiptin og árlega eftir það

---

<sup>1</sup> Rg. 367/2015, 2. gr.

- b) tjaldvagn og hjólhýsi (felliýsi) í fyrsta skipti á fjórða ári eftir að ökutækið var skráð fyrsta sinni, að skráningarárinu frátöldu og annað hvert ár eftir það
- c) [fornbifreið og fornbifhjól annað hvert ár miðað við nýskráningarár ökutækis en ekki við árið þegar ökutæki er skráð sem fornbifreið eða fornbifhjól.]<sup>2</sup>

Ökutæki, sem færa skal til almennrar skoðunar á almanaksári, skal hafa verið fært til skoðunar fyrir lok ársins.

#### 5. gr.

##### *Aðalskoðun árlega.*

Ökutæki sem færa skal árlega til aðalskoðunar frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a) vörubifreið
- b) hópibifreið
- c) leigubifreið til mannflutninga
- d) [ökutæki ætlað til neyðaraksturs]<sup>3</sup>
- e) eftirvagn með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg.

#### 6. gr.

##### *[Hvenær árs skal færa ökutæki til aðalskoðunar.]<sup>4</sup>*

Bifreið og eftirvagn skal færa til aðalskoðunar í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki ökutækis vísar til, sbr. þó 7. gr. Þannig skal t.d. ökutæki með skráningarmerki sem endar á 1 fært til skoðunar í janúar og ökutæki með skráningarmerki sem endar á 0 í október. [Heimilt er þó að færa ökutæki til skoðunar allt að 6 mánuðum fyrr á almanaksárinu. Þá er heimilt að færa ökutæki til skoðunar 10 mánuðum fyrr á almanaksárinu, hafi ökutækið gilda aðalskoðun sem fram fór fyrir 1. nóvember liðins árs með niðurstöðunni „án athugasemda“ eða „lagfæring“ samkvæmt skoðunartorði.]<sup>5</sup> Hafi ökutæki einkamerki með tölustaf sem síðasta staf á skráningarmerki, ræðst skoðunarmánuður af honum. Bókstafur sem síðasti stafur á skráningarmerki jafngildir 5 sem síðasta tölustaf á skráningarmerki.

Hafi eigandi (umráðamaður) ökutækis ekki átt þess kost að færa ökutækið til aðalskoðunar í skoðunarmánuði þess, skal það gert í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.

[Hafi eigandi (umráðamaður) ökutækis, sem býr fjær næstu skoðunarstofu en 80 km ekki átt þess kost að færa ökutækið til skoðunar innan frests skv. 2. mgr. getur hann fengið viðbótarfrest í tvo mánuði með því að tilkynna sýslumanninum í Bolungarvík um þá ósk sína. Tilkynningin þarf að hafa borist sýslumanni áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út og má vera á rafrænu formi.]<sup>6</sup>

<sup>2</sup> Rg. 665/2009, 1. gr.

<sup>3</sup> Rg. 665/2009, 2. gr.

<sup>4</sup> Rg. 367/2015, 3. gr. a.

<sup>5</sup> Rg. 367/2015, 3. gr. b.

<sup>6</sup> Rg. 665/2009, 3. gr.

7. gr.

*Ökutæki sem færa skal til aðalskoðunar fyrir 1. ágúst á skoðunarári.*

Færa skal eftirtalin ökutæki til aðalskoðunar fyrir 1. ágúst á skoðunarári, óháð síðasta tölustaf á skráningarmerki:

- a) fornbifreið
- b) húsbifreið
- c) bifhjól, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól
- d) hjólhýsi (felliþýsi)
- e) tjaldvagn.

[Hafi eigandi (umráðamaður) ökutækis ekki átt þess kost að færa ökutækið til aðalskoðunar fyrir 1. ágúst á skoðunarári, skal það gert í síðasta lagi fyrir 1. október sama ár.]<sup>7</sup>

### III. KAFLI

#### Önnur skoðun en aðalskoðun.

8. gr.

*Skoðun við afhendingu skráningarmerkja.*

Afhenda má skráningarmerki, sem lögð hafa verið inn til geymslu, án þess að ökutæki sé áður fært til aðalskoðunar:

- a) [hafi skráningarmerkin verið tekin af ökutækinu af öðrum ástæðum en vanbúnaði eða vegna þess að það hefur ekki verið fært til skoðunar á tilsettum tíma;]<sup>8</sup>
- b) enda þótt frestur til að færa ökutækið til skoðunar sé liðinn.

Veita skal [viku]<sup>9</sup> frest til að færa ökutækið til skoðunar enda hafi eigandi (umráðamaður) lýst því skriflega yfir að ökutækið sé hæft til skoðunar og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því að ökutækið verði tekið í notkun.

[Ökutæki, sem lögreglan hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar, tjóns eða það hefur ekki verið fært til skoðunar á tilsettum tíma, skal færa til skoðunar áður en skráningarmerki eru afhent að nýju.]<sup>10</sup> Sama gildir um bifreið sem er tjónabifreið samkvæmt skilgreiningu í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

9. gr.

*Skráningarskoðun.*

Áður en ökutæki er skráð, skal það skoðað til að ganga úr skugga um að það fullnægi kröfum í reglugerð um gerð og búnað ökutækja og sé í samræmi við skráningargögn, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja.

<sup>7</sup> Rg. 665/2009, 4. gr.

<sup>8</sup> Rg. 367/2015, 4. gr. a.

<sup>9</sup> Rg. 665/2009, 5. gr.

<sup>10</sup> Rg. 367/2015, 4. gr. b.

10. gr.  
*[Vegaskoðun.*

Skipulagt eftirlit Samgöngustofu, lögreglu og skoðunarstofu skal fara fram á vegum á ástandi vörubifreiða, hópibifreiða, svo og eftirvagna og tengitækja með leyfilega hámarksþyngd yfir 3.500 kg. Eftirlitið skal felast í einum, tveimur eða öllum eftirfarandi þáttum:

- a) sjónskoðun á ástandi ökutækis í kyrrstöðu,
- b) könnun á nýlegu vegaskoðunarvottorði eða skoðunarvottorði frá síðustu skoðun ökutækisins á skoðunarstöð,
- c) skoðun hvort um vanbúið ökutæki sé að ræða. Skoðunin skal fara fram í samræmi við skoðunarhandbók ökutækja og tekur til eins, fleiri eða allra eftirfarandi atriða:
  - 0) Auðkenni (Tengibúnaður, merkingar o.fl.).
  - 1) Hemlabúnaður (Hemlabúnaður).
  - 2) Stýrisbúnaður (Stýrisbúnaður).
  - 3) Útsýn (Skynbúnaður og yfirbygging).
  - 4) Ljósabúnaður og rafkerfi (Skynbúnaður og tengibúnaður, merkingar o.fl.).
  - 5) Ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun (Hjólábúnaður).
  - 6) Undirvagn og viðfestur búnaður (Burðarvirki, yfirbygging, hreyfill og fylgibúnaður).
  - 7) Annar búnaður, þ.m.t. ökuriti og hraðatakörkunarbúnaður (Yfirbygging og aflrás).
  - 8) Óþægindi, þ.m.t. útblástur og eldsneytis- og/eða olífuleki (Hreyfill og fylgibúnaður og aflrás).

Ef vottorð, sem ökumaður leggur fram við vegaskoðun á grundvelli b-liðar 1. mgr., sýnir að eitthvert atriði sem skoða skal við vegaskoðun hefur verið skoðað á síðustu þremur mánuðum skal ekki skoða það atriði aftur nema réttlæta megi slíkt á grundvelli augljóss ágalla eða vanrækslu.

Reynist ástand ökutækis ófullnægjandi má lögregla krefjast þess að ökutækið skuli fært til skoðunar, sbr. 14. gr. Sé ökutækið talið hættulegt umferðaröryggi eða hefur ekki verið fært til skoðunar þegar krafist er getur löggæslumaður tekið af því skráningarmarki og lagt bann við notkun þess.]<sup>11</sup>

11. gr.

*Skoðun ökutækis sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi (ADR skoðun).*

Við skoðun ökutækis, sem skráð er til flutnings á hættulegum farmi, skal ganga úr skugga um að búnaður ökutækisins í því sambandi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í reglum um það efni.

---

<sup>11</sup> Rg. 367/2015, 5. gr.

12. gr.

*Skoðun vegna breytingar á ökutæki.*

Áður en skráningu ökutækis er breytt vegna breytingar á ökutækinu, skal skoða það sérstaklega til þess að ganga úr skugga um að breytingin sé í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja.

13. gr.

*Endurskoðun.*

Ökutæki skal fært til endurskoðunar ef niðurstaða skoðunar er „endurskoðun” eða „notkun bönnuð”, sbr. 18. gr., við:

- a) aðalskoðun
- b) skoðun við afhendingu skráningarmerkja
- c) skráningarskoðun
- d) vegaskoðun
- e) skoðun vegna breytingar á ökutæki.

Sé ökutæki fært til endurskoðunar innan tilskilins frests, skal endurskoðunin eingöngu fela í sér skoðun á þeim atriðum sem athugasemd var gerð við í fyrri skoðun, sbr. 1. mgr., og athugun þess hvort viðgerð hafi verið fullnægjandi.

Til að ökutæki geti hlotið fullnaðarskoðun við endurskoðun skulu öll frávik, sem gerðar voru athugasemdir við í síðustu skoðun, hafa verið lagfærð.

Sé við aðalskoðun gerð athugasemd um atriði, sem ekki er unnt vegna skorts á varahlutum að bæta úr innan tilskilins frests, er heimilt að veita mánaðar frest til viðbótar áður útgefnum fresti, að því tilskildu að áður útgefinn frestur sé ekki útrunninn. Eigandi (umráðamaður) ökutækis skal framvísa staðfestingu frá skoðunarstofu þess efnis ef eftir því er leitað.

14. gr.

*Skoðun að kröfu lögreglu.*

Reynist ástand ökutækis, sem lögreglan stöðvar, ekki vera í lögmæltu ástandi, má krefjast þess að ökutækið skuli fært til sérstakrar skoðunar hjá skoðunarstofu.

#### IV. KAFLI

#### **Skoðunarhandbók – Hvernig skoðun skal fara fram.**

15. gr.

*Skoðunarhandbók.*

[Samgöngustofa]<sup>12</sup> gefur út skoðunarhandbók um skoðun ökutækja sem falla undir reglugerð þessa. Þar skulu vera verklagsreglur fyrir skoðunarstofu til leiðbeiningar um hvernig dæma skuli einstök skoðunatriði.

---

<sup>12</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

[Samgöngustofa]<sup>13</sup> gefur út sérstaka skoðunarhandbók um skráningu og búnað ökutækja sem ætluð eru til að flytja hættulegan farm (ADR skoðun).

Skoðunarhandbækur skulu vera aðgengilegar í rafrænu formi.

16. gr.

*Hvað skoða skal.*

Við skoðun skal:

- a) athuga hvort ökutæki sé í lagi, hvort finna megi á því galla eða bilanir sem geri það óöruggt í umferð
- b) athuga hvort ökutæki valdi meiri mengun umhverfisins en heimilt er
- c) athuga atriði sem eru í ósamræmi við tilskilin gildi
- d) staðfesta að samræmi sé á milli ökutækis og skráningargagna, hvort ökutækið sé rétt skráð og hvort verksmiðjunúmer þess sé í samræmi við skráningarskírteini.

Sé í ökutæki:

- a) búnaður, sem tilgreindur er í skoðunarhandbók en ekki gerð krafa um í reglugerð um gerð og búnað ökutækja, þar með talin gasbúnaður
- b) ljósa- og merkjabúnaður sem ekki er gerð krafa um en má vera samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja

skal hann engu að síður vera í lagi.

Sé ökutæki búið ökurita samkvæmt reglugerð um ökurita og notkun hans, skal athugað hvort hann sé í lagi.

17. gr.

*Dæming skoðunaratriðis.*

Dæming skoðunaratriðis skal mótast af því hvort um er að ræða bifreið, bifhjól, eftirvagn, tjaldvagn eða hjólhýsi (felliýsi). Einnig hvort ökutæki er í lögmæltu ástandi, í ólagi eða skemmt.

Dæming skoðunaratriðis skal vera í samræmi við skoðunarhandbók og miðast við hvort nota megi ökutækið án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra, skemmd á vegi eða af því stafi mengun.

Dæming skoðunaratriðis getur verið þrenns konar:

Dæming 1: skoðunaratriði er ekki í lagi en er nothæft.

Dæming 2: skoðunaratriði er ekki í lagi og þarfnast viðgerðar.

Dæming 3: skoðunaratriði er ekki í lagi, er ónothæft, þarfnast viðgerðar og getur valdið hættu.

Hafi verið gerð athugasemd við skoðun ökutækis, skal haga notkun þess í samræmi við niðurstöðu skoðunar.

[ .. ]<sup>14</sup>

<sup>13</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>14</sup> Rg. 665/2009, 6. gr.

18. gr.

*Niðurstaða skoðunar.*

Niðurstaða skoðunar skal færð í skoðunarvottorð í samræmi við hæstu tölu dæmingar hvers einstaks skoðunaratriðis. Niðurstaða skoðunar getur verið ferns konar, þ. e. án athugasemdar, lagfæring, endurskoðun og notkun bönnuð:

**a) Niðurstaða dæmingar 0:**

- engin athugasemd
- niðurstaða dæmingar er „*án athugasemdar*”.

**b) Niðurstaða dæmingar 1:**

- hæsta tala niðurstöðu skoðunar felur í sér kröfu um að lagfært verði allt sem gerð var athugasemd við á skoðunarvottorði, án þess að krafa sé gerð um endurskoðun
- niðurstaða dæmingar er „*lagfæring*”
- innan eins mánaðar skal eigandi (umráðamaður) hafa bætt úr þeim athugasemdum sem gerðar voru við skoðun

**c) Niðurstaða dæmingar 2:**

- hæsta tala niðurstöðu skoðunar felur í sér kröfu um að án tafar verði lagfært allt sem gerð var athugasemd við á skoðunarvottorði og ökutækið fært til endurskoðunar
- niðurstaða dæmingar er „*endurskoðun*”
- til endurskoðunar skal almennt veita frest til loka næsta mánaðar.

**d) Niðurstaða dæmingar 3:**

- hæsta tala niðurstöðu skoðunar hefur í för með sér að vélknúnu ökutæki má ekki aka með eigin vélarafli
- niðurstaða dæmingar er „*notkun bönnuð*”
- þrátt fyrir notkunarbann er heimilt að færa ökutæki með eigin vélarafli frá viðgerðarstað skemmstu leið til skoðunar
- eftirvagn, hjólhýsi og tjaldvagn er heimilt að draga til viðgerðarstaðar og til skoðunar.

Hafi eingöngu verið gerð athugasemd við eitt skoðunaratriði með dæmingu nr. 2 skal, þegar merkt er við dæminguna með „X” í skoðunarhandbók, breyta niðurstöðu skoðunarvottorðs á þann hátt að hún verði „*lagfæring*”.

Hafi verið gerð athugasemd við skoðunaratriði með dæmingu sem merkt er við dæminguna með „B” í skoðunarhandbók, skal vísa ökutækinu til breytingarskoðunar.

Hafi verið gerð athugasemd við skoðunaratriði með dæmingu sem merkt er við dæminguna með „H” í skoðunarhandbók, skal hafna skráningu eða breytingu.

Niðurstaða aðalskoðunar skal vera óháð niðurstöðum undangenginna skoðana.

Banna skal notkun ökutækis:

- komi í ljós við endurskoðun að ekki hefur verið bætt úr varðandi a.m.k. helming athugasemda sem gerðar voru við undangengna skoðun
- sé niðurstaða skoðunar nr. 2 eða 3, sbr. skoðunarhandbók, við skoðun ökutækis sem lögregla hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar
- komi í ljós við endurskoðun að ekki hefur verið bætt úr varðandi a.m.k. helming athugasemda sem gerðar voru við undangengna skoðun ökutækis sem lögregla hefur tekið skráningarmerki af vegna þess að frestur til að mæta með það til endurskoðunar er útrunninn.

19. gr.

*Skoðunarvottorð.*

Við skoðun skal skoðunarmaður undirrita og afhenda vottorð um skoðunina og niðurstöðu hennar sem geyma skal í ökutækinu, auk afrits hjá skoðunarstofu. Kveðið skal á um form og efni skoðunarvottorðs í skoðunarhandbók.

20. gr.

*Skoðunarmiði.*

Við skoðun skal skoðunarmaður setja skoðunarmiða á þar til gerðan reit á skráningarmarki ökutækis eða eftir atvikum í framrúðu þess.

Eigandi (umráðamaður) ökutækis ber ábyrgð á því að skoðunarmiði sé á ökutæki og að miðinn sé ávallt greinilegur og læsilegur.

Óheimilt er öðrum en skoðunarmanni á skoðunarstofu eða endurskoðunarverkstæði, svo og lögreglunni að hylja skoðunarmiða eða fjarlægja hann.

Mismunandi áletrun skoðunarmiða skal gefa til kynna að:

- a) ökutæki hafi fengið aðalskoðun
- b) ökutæki skuli fært til endurskoðunar innan tiltekins frests
- c) að bannað sé að nota ökutæki fyrir en því hefur verið komið í lögmælt ástand og það fært til endurskoðunar.

Um gerð og notkun skoðunarmiða eru nánari ákvæði í I. viðauka.

**V. KAFLI**

**Skoðunarstofa - Endurskoðunarverkstæði.**

21. gr.

Skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæði annast lögmælt skoðun ökutækja.

22. gr.

*Faggilding skoðunarstofu.*

Skoðunarstofa skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa og staðal ÍST EN ISO/IEC 17020:2004, viðauka A, og nánari ákvæði í reglugerðum sem settar eru samkvæmt heimild í umferðarlögum og lögum um faggildingu.

Starfsemi skoðunarstofu skal haga á þann hátt að treysta megi að fullu að starfsemin sé í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsemi faggiltra óháðra skoðunarstofa.

Skoðunarstofa má ekki jafnframt annast viðgerðir á ökutækjum, sölu á varahlutum í ökutæki eða aðra þá þjónustu sem stangast á við hlutleysisreglur staðalsins ÍST EN ISO/IEC 17020:2004.



23. gr.

*Viðurkenning skoðunarstofu.*

[Samgöngustofa]<sup>15</sup> viðurkennir skoðunarstofu:

- a) skoðunarstofu I til að skoða ökutæki, óháð leyfðri heildarþyngd ökutækis og skal hún búin:
  - öllum tilskildum tækjum samkvæmt II. viðauka
- b) skoðunarstofu II til að skoða ökutæki sem eru 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna, svo og stærri ökutæki ef tilskilinn tækjabúnaður er fyrir hendi og skal hún búin:
  - öllum tilskildum tækjum samkvæmt II. viðauka, nema hemlaprófara fyrir ökutæki, óháð leyfðri heildarþyngd þeirra, og hjólþeyti (spinnara).

Áður en skoðunarstofa er viðurkennd skal athugað hvort hún hefur faggildingu og hvort hún að öðru leyti fullnægir kröfum reglugerðar þessarar.

Liggja þarf fyrir yfirlýsing umsækjanda um að skoðunarstofan muni fullnægja skilyrðum 24. gr. reglugerðarinnar

24. gr.

*Hæfniskröfur varðandi skoðunarstofu.*

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu skal vera verkfræðingur, tæknifræðingur eða meistari í bifvélavirkjun. Hann skal ábyrgjast byrjunarþjálfun og reglubundna endurmenntun skoðunarmanna og má annast skoðun ökutækja, óháð starfsréttindum.

Skoðunarmaður á skoðunarstofu skal hafa starfsréttindi í bifvélavirkjun.

Tæknilegur stjórnandi skoðunarstofu og skoðunarmaður skulu vera í föstu starfi. Þeir skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um þær reglur sem um skoðun ökutækja gilda. Námskeiðin skulu viðurkennd af [Samgöngustofu]<sup>16</sup> og skal námi lokið með prófi.

25. gr.

*Skyldur skoðunarstofu.*

Skoðunarstofa skal:

- a) hafa tæknilegan stjórnanda í föstu starfi sem beri tæknilega ábyrgð á því hvernig skoðun fer fram
- b) hafa nægan fjölda fastráðinna skoðunarmanna
- c) hafa yfir að ráða húsnæði og aðstöðu til þess að þar geti farið fram skoðun sem skoðunarstofan annast
- d) hafa yfir að ráða tækjabúnaði í samræmi við II. viðauka
- e) taka þátt í samanburðarskoðunum þegar [Samgöngustofa]<sup>17</sup> óskar eftir því og hlíti fyrirmælum um ráðstafanir ef frávik milli skoðunarstofa koma fram. Skoðunarstofa skal bera allan kostnað vegna þeirrar þátttöku og ráðstafana sem gera verður
- f) sé þess óskað, taka þátt í verkefnum sem unnin eru í samvinnu lögreglu, Vegagerðarinnar og [Samgöngustofu]<sup>18</sup>

<sup>15</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>16</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>17</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>18</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

- g) senda niðurstöður aðalskoðunar, skoðunar vegna breytingar og skráningarskoðunar og dæmingu hvers einstaks skoðunarliðs, ásamt stöðu akstursmælis og niðurstöðu mengunarmælinga, samdægurs til [Samgöngustofu]<sup>19</sup>. Niðurstöðurnar skulu vera á rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur [Samgöngustofu]<sup>20</sup>
- h) innheimta og standa skil á innheimtu umferðaröryggisgjalds í samræmi við reglugerð um umferðaröryggisgjald
- i) innheimta og standa skil á innheimtu vanrækslugjalds í samræmi við VI. kafla reglugerðarinnar
- j) ganga úr skugga um að bifreiðagjald og lögboðin tryggingariðgjöld ökutækis séu að fullu greidd.

#### 26. gr.

*Skoðun skoðunarstofu á endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði.*

Skoðunarstofa getur, í samræmi við viðurkenningu skv. 23. gr., skoðað ökutæki:

- a) á endurskoðunarverkstæði sem er fjær skoðunarstofu I en 35 km
- b) á öðru verkstæði sem er fjær skoðunarstofu og endurskoðunarverkstæði en 35 km.

Áður en skoðunarstofa skoðar ökutæki skv. 1. mgr., skal skoðunarmaður ganga úr skugga um að aðstaða og tækjabúnaður á viðkomandi verkstæði sé fullnægjandi og í samræmi við II. viðauka, eftir því sem við verður komið.

#### 27. gr.

*Skráning og staðfesting á niðurstöðu skoðunar.*

Skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæði skulu í samræmi við reglugerð þessa og skoðunarhandbók:

- a) skrá niðurstöðu skoðunar og aðrar tæknilegar upplýsingar í skoðunarvottorð og undirrita það
- b) auðkenna ökutæki með skoðunarmiða, sbr. I. viðauka, til staðfestingar því að skoðun hafi farið fram í samræmi við niðurstöðu skoðunarinnar.

Niðurstöðu skoðunar, upplýsingar um stöðu akstursmælis ökutækis og gildi mengunarmælinga skal senda samdægurs til [Samgöngustofu]<sup>21</sup> sem færir inn niðurstöður í heildarskrá. Niðurstöðurnar skulu vera á rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur [Samgöngustofu]<sup>22</sup>.

#### 28. gr.

*Skoðun ökutækja að leyfðri heildarþyngd meiri en 3.500 kg.- Undanþága.*

Skoðunarstofa I getur skoðað ökutæki sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II, endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði þótt hentug gryfja/lyfta, hristari eða hjólþeytir séu ekki til staðar. Skal þá tryggt að hemlaprófari fyrir bifreiðir og eftirvagna, óháð leyfðri heildarþyngd, verði notaður við skoðunina. Tryggja skal að öll atriði verði skoðuð samkvæmt skoðunarhandbók þrátt fyrir að gryfja/lyfta, hristari og hjólþeytir séu ekki til staðar.

<sup>19</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>20</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>21</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>22</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

Hafi skoðunarstofa II eða endurskoðunarverkstæði tæki til að mæla hemlunarvirgni í akstri (hemlunarklukku), getur hún skoðað bifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd ef annað hvort:

- c) bifreiðin er notuð við sérstök verkefni eða
- d) fyrir liggur skriflegt vottorð lögreglu um að bifreiðin sé aðeins notuð á afmörkuðu svæði.

Slökkvibifreið, kranabifreið, námubifreið og beltabifreið má skoða með hemlunarklukku í öðrum tilvikum án þess að hún sé flutt til skoðunarstofu.

Í skoðunarvottorði skal tilgreina ef hemlunarvirgni ökutækis er mæld í akstri.

#### 29. gr.

##### *Skoðun ökurita á skoðunarstofu.*

Skoðunarstofa I [er heimilt að]<sup>23</sup> fullnægja kröfum reglugerðar um starfsemi ökuritaverkstæðis varðandi prófun ökurita við reglubundna skoðun sem fram skal fara á tveggja ára fresti:

- a) á skífuökurita samkvæmt a-lið 3. tölul. VI. kafla I. viðauka við reglugerð nr. 3821/85/EB, með áorðnum breytingum
- b) á rafrænum ökurita samkvæmt 4. tölul. VI. kafla I. viðauka B við reglugerð nr. 1360/2002/EB.

[Fullnægi skoðunarstofa I kröfum um starfsemi ökuritaverkstæðis varðandi prófun ökurita]<sup>24</sup> má þar fara fram skoðun skífuökurita sem vera skal á sex ára fresti samkvæmt b-lið 3. tölul. VI. kafla I. viðauka, sbr. a- og b-lið þessarar greinar.

#### 30. gr.

##### *Viðurkenning endurskoðunarverkstæðis.*

[Samgöngustofa]<sup>25</sup> viðurkennir endurskoðunarverkstæði:

- a) til að skoða eftirtalin ökutæki sem færa skal til aðalskoðunar:
  - hjólhýsi (felliþýsi)
  - tjaldvagn
  - eftirvagn með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minni.
- b) til að skoða hvort lagfært hefur verið það sem gerð hefur verið athugasemd við á skoðunarvottorði þegar veittur var frestur til endurskoðunar.

Áður en [Samgöngustofa]<sup>26</sup> viðurkennir endurskoðunarverkstæði, skal athugað hvort það hafi B-faggildingu í samræmi við reglugerð um starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu og fullnægi að öðru leyti kröfum reglugerðar þessarar.

Liggja þarf fyrir yfirlýsing umsækjanda um að endurskoðunarverkstæðið muni fullnægja skilyrðum 32. gr.

<sup>23</sup> Rg. 1175/2012, 1. gr.

<sup>24</sup> Rg. 1175/2012, 1. gr.

<sup>25</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>26</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

Flokkar sem viðurkenning getur tekið til eins eða fleiri:

1. skynbúnaður
2. hreyfill og fylgibúnaður
3. yfirbygging
4. stýrisbúnaður
5. burðarvirki
6. hjólabúnaður
7. aflrás
8. hemlabúnaður
9. tengibúnaður og merkingar

Flokkar 1 - 9 skiptast þannig eftir stærð og flokkun ökutækja:

- a) bifreið  $\leq 3.500$  kg að leyfðri heildarþyngd
- b) bifreið  $>3.500$  kg að leyfðri heildarþyngd
- c) eftirvagn  $\leq 3.500$  kg að leyfðri heildarþyngd
- d) eftirvagn  $>3.500$  kg að leyfðri heildarþyngd
- e) bifhjól
- f) hjólhýsi (felliþýsi)
- g) tjaldvagn.

### 31. gr.

#### *Hæfniskröfur varðandi endurskoðunarverkstæði.*

Tæknilegur stjórnandi endurskoðunarverkstæðis skal vera verkfræðingur, tæknifræðingur eða meistari í bifvélavirkjun. Hann skal ábyrgjast byrjunarþjálfun og reglubundna endurmenntun skoðunarmanna og má annast skoðun ökutækja, óháð starfsréttindum.

Skoðunarmaður endurskoðunarverkstæðis skal hafa starfsréttindi í bifvélavirkjun.

Tæknilegur stjórnandi endurskoðunarverkstæðis og skoðunarmaður skulu vera í föstu starfi. Þeir skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um þær reglur sem um skoðun ökutækja gilda. Námskeiðin skulu viðurkennd af [Samgöngustofu]<sup>27</sup> og skal ljúka með prófi.

### 32. gr.

#### *Skyldur endurskoðunarverkstæðis.*

Endurskoðunarverkstæði skal:

- a) hafa tæknilegan stjórnanda í föstu starfi sem beri tæknilega ábyrgð á því hvernig skoðun fer fram
- b) hafa yfir að ráða húsnaði og aðstöðu til þess að þar geti farið fram skoðun sem endurskoðunarverkstæði annast
- c) hafa yfir að ráða tækjabúnaði í samræmi við II. viðauka eftir því sem við á
- d) taka þátt í samanburðarskoðunum þegar [Samgöngustofa]<sup>28</sup> óskar eftir því og hlíti fyrirmælum um ráðstafanir ef frávik milli endurskoðunarverkstæða og skoðunarstofa koma fram. Endurskoðunarverkstæði skal bera allan kostnað vegna þeirrar þátttöku og ráðstafana sem gera verður

<sup>27</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>28</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

- e) sé þess óskað, taka þátt í verkefnum sem unnin eru í samvinnu lögreglu, Vegagerðarinnar og [Samgöngustofu]<sup>29</sup>
- f) senda niðurstöður aðalskoðunar og dæmingu hvers einstaks skoðunarliðs, ásamt stöðu akstursmælis og niðurstöðu mengunarmælinga, samdægurs til [Samgöngustofu]<sup>30</sup>. Niðurstöðurnar skulu vera á rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur [Samgöngustofu]<sup>31</sup>
- g) innheimta og standa skil á innheimtu umferðaröryggisgjalds í samræmi við reglugerð um umferðaröryggisgjald
- h) innheimta og standa skil á innheimtu vanrækslugjalds í samræmi við VI. kafla reglugerðarinnar.

### 33. gr.

#### *Afturköllun viðurkenningar.*

[Samgöngustofa]<sup>32</sup> getur afturkallað viðurkenningu skoðunarstofu eða endurskoðunarverkstæðis tímabundið eða að fullu þegar viðkomandi:

- a) uppfyllir ekki lengur skilyrði viðurkenningar
- b) fer út fyrir leyfilegt starfssvið sitt eða fer ekki eftir reglum með því að:
  - i) skoða önnur ökutæki en honum er heimilt
  - ii) sinna ekki innheimtu gjalda sem honum er falin
  - iii) virða ítrekað ekki fyrirmæli í skoðunarhandbók
  - iv) sinna ekki skriflegum fyrirmælum eða aðvörumum [Samgöngustofu]<sup>33</sup> um úrbætur.

### 34. gr.

#### *Eftirlit með starfsemi skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða*

[Samgöngustofa]<sup>34</sup> hefur eftirlit með því að skoðun á skoðunarstofu og endurskoðunarverkstæði fari fram í samræmi við skoðunarhandbók. Skal [Samgöngustofa]<sup>35</sup> í því sambandi hafa aðgang að húsnæði, tækjum og gögnum sem notuð eru við skoðun ökutækja. Gjald vegna kostnaðar við eftirlit með starfsemi skoðunarstofu skal vera í samræmi við gjaldskrá [Samgöngustofu]<sup>36</sup> sem ráðherra staðfestir.

[Samgöngustofa]<sup>37</sup> setur nánari verklagsreglur um eftirlitið, sem skulu vera aðgengilegar í rafrænu formi.

[Samgöngustofa]<sup>38</sup> getur falið öðrum athugun þess hvort skilyrði viðurkenningar eru fyrir hendi svo og eftirlit með starfsemi skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

<sup>29</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>30</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>31</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>32</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>33</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>34</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>35</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>36</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>37</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>38</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

35. gr.

*Nánar um eftirlit með skoðun.*

Skoðunarstofa og hver skoðunarmaður skulu leitast við að dæming og niðurstaða skoðunar verði innan tiltekinna frávika. Þessi regla á við um samanburð á skoðunum ökutækja sem skoðuð eru á hverjum sex mánuðum.

Nú fullnægir eftir atvikum skoðunarstofa eða skoðunarmaður ekki kröfu um lágmarks frávik. Skal þá skoðunarstofan gera viðeigandi ráðstafanir, m.a. veita skoðunarmönnum fræðslu og eftir atvikum gera [Samgöngustofu]<sup>39</sup> grein fyrir ástæðum frávika.

Fylgi skoðunarmaður ekki reglum skoðunarhandbókar um skoðun ökutækja, getur [Samgöngustofa]<sup>40</sup> krafist þess að viðkomandi ökutæki sé fært á ný til skoðunar. [Samgöngustofa]<sup>41</sup> getur jafnframt krafist þess að viðkomandi skoðunarmaður sitji sérstakt námskeið sem fram fer á vegum viðkomandi skoðunarstofu og sinni ekki skoðunarstarfi fyrir en að loknu námskeiði.

36. gr.

*Miðlun upplýsinga.*

[Samgöngustofa]<sup>42</sup> heldur skrá um aðalskoðun ökutækja sem reglugerð þessi nær til og tryggir eigendum (umráðamönnum) þeirra aðgang að upplýsingum í rafrænu formi um það hvenær færa skal ökutæki til skoðunar.

[Samgöngustofa]<sup>43</sup> heldur skrá samkvæmt upplýsingum frá skoðunarstofum og endurskoðunarverkstæðum um þá þjónustu sem þær veita, svo sem tegund skoðana, opnunartíma, verðskrá og aðrar upplýsingar sem máli skipta.

Skráin skal vera aðgengileg notendum þjónustunnar.

---

<sup>39</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>40</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>41</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>42</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>43</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

## VI. KAFLI Vanrækslugjald.

### 37. gr.

#### *Gjaldskylda og fjárhæð vanrækslugjalds.*

[Leggja skal á gjald, vanrækslugjald, sem eigandi (umráðamaður) ökutækis, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. skal greiða við aðalskoðun eða endurskoðun hafi ökutæki ekki verið fært til aðalskoðunar eða endurskoðunar á réttum tíma samkvæmt reglugerð þessari, það er:

- a. aðalskoðunar:
  - i. fyrir lok annars mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar samkvæmt reglu-gerðinni, sbr. 2. mgr. 6. gr.
  - ii. fyrir lok fjórða mánaðar frá því er ökutækið skyldi fært til aðalskoðunar samkvæmt reglu-gerðinni, sbr. 3. mgr. 6. gr.
  - iii. fyrir 1. október, sbr. 7. gr.
- b. endurskoðunar þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns, sbr. þó 4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.]<sup>44</sup>

Vanrækslugjald skal vera að fjárhæð 15.000 kr. Sé gjaldið greitt og ökutæki fært til skoðunar, eftir atvikum aðalskoðunar eða endurskoðunar, innan mánaðar frá því að það var lagt á, skal það lækka í 7.500 kr..

Heimilt er að greiða vanrækslugjald á skoðunarstofu með kreditkorti.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er við eigandaskipti að ökutæki heimilt að greiða vanrækslugjald án þess að ökutækið sé fært til aðalskoðunar eða endurskoðunar ef:

- a. skoðunarstofu er afhent beiðni um eigandaskipti að ökutækinu
- b. skoðunarstofu er jafnframt afhent skráningarmerki ökutækisins og þess óskað að ökutækið verði skráð úr umferð.]<sup>45</sup>

### 38. gr.

#### *Álagning og innheimta vanrækslugjalds.*

Sýslumaðurinn [á Vestfjörðum]<sup>46</sup> annast álagningu og innheimtu vanrækslugjalds.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu sem send skal eiganda (umráðamanni) ökutækis með hliðsjón af 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

Í tilkynningu skal því lýst að gjaldið skuli greiða við skoðun, eftir atvikum aðalskoðun eða endurskoðun, og hvernig með mál verði farið ef greiðsla dregst.

Hafi vanrækslugjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá álagningu þess, skal það innheimt. Mótbárur eða varnir vegna álagðs gjalds skulu hafa borist sýslumanninum [á Vestfjörðum]<sup>47</sup> innan sama tíma.

Taki sýslumaður mótbárur og varnir vegna álagningar vanrækslugjalds gildar, getur hann fellt gjaldið niður.

<sup>44</sup> Rg. 665/2009, 7. gr.

<sup>45</sup> Rg. 665/2009, 7. gr.

<sup>46</sup> Rg. 1152/2014, 19. gr.

<sup>47</sup> Rg. 1152/2014, 19. gr.

Um fullnustuaðgerðir vegna innheimtu gjaldsins fer eftir 3. og 4. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

[Samgöngustofa]<sup>48</sup> skal láta sýslumanni í té nauðsynlegar upplýsingar til þess að hann geti lagt gjaldið á og innheimt það, hafi það ekki verið greitt.

[Samgöngustofa]<sup>49</sup> skal senda lögreglustjóra þess umdæmis þar sem eigandi (umráðamaður) ökutækis er skráður til heimilis, upplýsingar um ökutæki sem vanrækt hefur verið lengur en í 6 mánuði að færa til aðalskoðunar frá lokum frests, sbr. a-lið 1. mgr. [37. gr]<sup>50</sup>, og í 4 mánuði að færa til endurskoðunar frá lokum frests, sbr. b-lið 1. mgr. 37. gr.

## VII. KAFLI Gildistaka o.fl.

### 39. gr.

#### *Málskot.*

Sá sem ekki vill una niðurstöðu skoðunar ökutækis í skoðunarstofu getur, að undan genginni umfjöllun stjórnenda skoðunarstofunnar, skotið niðurstöðunni til [Samgöngustofu]<sup>51</sup>. Á sama hátt getur sá sem ekki vill una niðurstöðu endurskoðunar á endurskoðunarverkstæði, að lokinni umfjöllun stjórnenda verkstæðisins, skotið niðurstöðunni til [Samgöngustofu]<sup>52</sup>.

### 40. gr.

#### *Refsiákvæði.*

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIV. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

### 41. gr.

#### *Viðaukar.*

Eftirtaldir viðaukar frá I – III fylgja reglugerðinni og eru hluti hennar:

- I. Skoðunarmiðar.
- II. Um tækjabúnað skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.
- III. Um tækjabúnað við vegaskoðun.

---

<sup>48</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>49</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>50</sup> Rg. 665/2009, 8. gr.

<sup>51</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>52</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.



42. gr.

*Innleiðing.*

[Með reglugerð þessari er, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2010, innleidd í innlendan rétt tilskipun 2009/40/EB frá 6. maí 2009 sem er í tölulíð 16a í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Tilskipun 2009/40/EB kemur, sbr. 10. gr. hennar, í stað tilskipunar 96/96/EB og tilskipana um breytingu á henni nr. 1999/52/EB, 2001/9/EB, 2001/11/EB og nr. 2003/27/EB.]<sup>53</sup>

[Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2010/48/EB frá 5. júlí 2010, sem felur í sér breytingu á II. viðauka við tilskipun nr. 2009/40/EB og vísað er til í XIII. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 55/2011, þann 28. júlí 2011, birt í EES-viðbæti 29. mars 2012, bls. 177.]<sup>54</sup>

[Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2010/47/EB frá 5. júlí 2010, sem felur í sér breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun nr. 2000/30/EB og vísað er til í XIII. viðauka við EES-samninginn, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 55/2011, þann 28. júlí 2011, birt í EES-viðbæti 1. mars 2012, bls. 625.]<sup>55</sup>

[Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014, um reglubundnar prófanir á aksturshæfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 75-152.]<sup>56</sup>

[Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/47/ESB frá 3. apríl 2014, um tæknilegt eftirlit á vegum með aksturshæfni atvinnuökutækja í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2000/30/EB. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63 frá 15. október 2015, bls. 495-579.]<sup>57</sup>

43. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993. Reglugerðin tekur gildi við birtingu, utan 29. gr. og 1. mgr. 30. gr. sem taka gildi 1. júní 2009.

Frá birtingu reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378/1998 og reglugerðir um breytingu á henni, nr. 779/1998, 695/2000, 240/2001, 722/2001, 35/2002, 680/2002 og nr. 197/2007.

---

<sup>53</sup> Rg. 448/2011, 1. gr.

<sup>54</sup> Rg. 836/2012, 1. gr.

<sup>55</sup> Rg. 836/2012, 2. gr.

<sup>56</sup> Rg. 1087/2018, 1. gr.

<sup>57</sup> Rg. 1087/2018, 2. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

[Bifreið, bifhjól og skráðan eftirvagn að heildarþyngd 3.500 kg eða minna, [skráð fyrsta sinni]<sup>58</sup>:

- a. 2008 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2011, síðan eftir tvö ár og árlega eftir það,
- b. 2007 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2010, síðan eftir tvö ár og árlega eftir það,
- c. 2006 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2009, síðan eftir tvö ár og árlega eftir það,
- d. 2005 skal færa til aðalskoðunar 2010 og árlega eftir það,
- e. 2004 og fyrr skal færa til aðalskoðunar 2009 og árlega eftir það.

Tjaldvagn og hjólhýsi (felliþýsi), [skráð fyrsta sinni]<sup>59</sup>:

- a. 2008 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2012 og annað hvert ár eftir það,
- b. 2007 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2011 og annað hvert ár eftir það,
- c. 2006 skal færa til aðalskoðunar í fyrsta sinn 2010 og annað hvert ár eftir það,
- d. 2005 og fyrr skal færa til aðalskoðunar 2009 og annað hvert ár eftir það.

Bráðabirgðaákvæðið breytir ekki skyldu til að færa ökutæki til skoðunar fyrir 1. janúar 2009 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 378/1998.]<sup>60</sup>

[Atriði sem skyldubundið er að prófa skv. viðauka við tilskipun 2010/48/EB, sbr. 15. gr., skal útfært í skoðunarhandbók eftir því sem við á, í síðasta lagi fyrir 1. nóvember 2013.]<sup>61</sup>

*Samgönguráðuneytinu, 7. janúar 2009.*

**Kristján L. Möller**

*Ragnhildur Hjaltadóttir*

---

<sup>58</sup> Rg. 1175/2012, 3. gr.

<sup>59</sup> Rg. 1175/2012, 3. gr.

<sup>60</sup> Rg. 665/2009, 9. gr.

<sup>61</sup> Rg. 836/2012, 3. gr.

## I. VIÐAUKI Skoðunarmiðar.

### 1. gr.

#### *Gerð skoðunarmiða.*

[Samgöngustofa]<sup>62</sup> annast gerð skoðunarmiða.

Skoðunarmiði er settur á þar til gerðan reit á skráningarkerki ökutækis. Ef ekki er reitur fyrir skoðunarmiða á skráningarkerkinu, skal hann settur í neðra horn framrúðu ökutækis, til vinstri.

### 2. gr.

#### *Aðalskoðun.*

Á skoðunarmiða fyrir aðalskoðun er áletrað árið þegar ökutæki skal næst fært til aðalskoðunar.

Settur skal skoðunarmiði á ökutæki sem gefur til kynna að:

- a) ökutæki hafi fengið skoðun án athugasemda
- b) gerðar hafi verið athugasemdir við atriði sem ekki hafa veruleg áhrif á akstursöryggi ökutækisins og eigandi (umráðamaður) þess ábyrgist að bæta þegar úr því sem að er fundið.

### 3. gr.

#### *Endurskoðun.*

[Á skoðunarmiða fyrir endurskoðun er áletrað „ENDURSKOÐUN“ ásamt mánuðinum þegar ökutæki skal fært til endurskoðunar. Litur skoðunarmiðans skal annars vegar vera með svörtu lettri á grænum grunni, til notkunar á ári sem endar á sléttri tölu, og hins vegar með svörtu lettri á grænum og appelsínugulum grunni þar sem litir eru aðskildir með skástriki, til notkunar á ári sem endar á oddatölu.]<sup>63</sup>

Settur skal skoðunarmiði á ökutæki sem gefur til kynna að skoðunarmaður hafi við skoðun ökutækis gert athugasemdir við ástand þess, þannig að færa þurfi það til endurskoðunar og frestur hafi verið veittur til að bæta úr.

### 4. gr.

#### *Notkun bönnuð.*

Þegar niðurstaða dæmingar er að notkun ökutækis er bönnuð er er áletrun á skoðunarmiða „NOTKUN BÖNNUÐ“ með hvítu lettri á rauðum grunni.

Settur skal skoðunarmiði á ökutæki sem gefur til kynna að bannað sé að nota ökutækið fyrr en því hefur verið komið í lögmaelt ástand og það fært til endurskoðunar. Þó sé heimilt að aka ökutæki stystu leið frá viðgerðarstað til endurskoðunar.

Komi í ljós við skoðun að búnaði ökutækis er verulega áfátt þannig að hættu megi telja stafa af, skal skoðunarmaður banna notkun ökutækisins. Sama gildir þegar synjað er um skoðun vegna þess að greinilegt ósamræmi er milli verksmiðjunúmers og færslu þess í skráningarskírteini eða

<sup>62</sup> Rg. 367/2015, 1. gr.

<sup>63</sup> Rg. 1175/2012, 2. gr.

greinilegt ósamræmi er milli skráningarskírteinis eða ökutækis að öðru leyti. Bannið gildir þar til ósamræmið hefur verið leiðrétt.

## II. VIÐAUKI

### Um tækjabúnað skoðunarstofu og endurskoðunarverkstæðis.

*1. gr.  
Almennt.*

Skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæði skulu hafa yfir að ráða og nota tækjabúnað í samræmi við ákvæði 2. gr. í viðauka þessum. Tæki og búnaður skulu uppfylla þau nákvæmnismörk sem upp eru gefin.

*2. gr.*

*Hemlaprófarar fyrir bifreiðir og eftirvagna, sem eru 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd, og skráningarskyld tengitæki.*

Hemlaprófari skal vera hentugur til að nota við hemlaprófun eins og lýst er í skoðunarhandbók. Hemlakrafta skal vera unnt að mæla fyrir hvert hjól fyrir sig og mismun milli hemlakrafta hvors hjóls sem hlutfall af hærra gildi á ás. Þá skal vera unnt að mæla aflögun hemla.

Allar mæliniðurstöður skulu vera í tölugildum í samræmi við SI mælikerfið og skulu mælisvið og nákvæmni vera í samræmi við leyfileg frávik sem gefin eru upp í skoðunarhandbók.

Hemlaprófarinn skal að öðru leyti uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) Hann skal gerður fyrir a.m.k. 2.000 kg heildarþyngd á ás ökutækis.
- b) Viðnámsstuðull milli viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.
- c) Hemlaprófari af rúllugerð skal hafa innbyggða skriðvörn þannig að skrið milli hjólbarða og viðnámsflatar verði aldrei meira en 30%. Verði skrið meira skal skriðvörn rjúfa stýristraum þannig að prófun hætti.
- d) Við hemlapróf skal hraði hjóla í snertifleti hjólbarða og viðnámsflatar hemlaprófara vera a.m.k. 2,5 km/klst.
- e) Niðurstöður mælinga á kröftum skulu koma fram á tveimur mælum, (fyrir hægri og vinstri hjól) með vísnum eða með myndrænni og stafrænni framsetningu. Niðurstöður annarra mælinga skulu settar fram á mælum og/eða í formi útskriftar á pappír. Skjáir eða mælar skulu vera greinilegir aflestrar. Allar skriflegar upplýsingar skulu vera á íslensku.
- f) Kvörðun hemlaprófara skal fara fram í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
- g) Frávik í mælinákvæmni hemlaprófarans má mest vera 3% miðað við raungildi hemlakrafts í hverjum kvörðunarpunkti.
- h) Við kvörðun mæla sem sýna mismun milli hemlakrafta hjóls hægra og vinstra megin á ási skal lægri aflestur vera innan 2,5% fráviksmarka miðað við hæsta aflestur í hverjum kvörðunarpunkti.
- i) Hemlaprófari af rúllugerð skal búinn ræsivörn sem tryggir að hemlapróf geti því aðeins farið fram að stýristraumur inn á prófara hvors hjóls fyrir sig hafi verið kveiktur og að álag sé á báðum prófurunum í einu.

3. gr.

*Hemlaprófari fyrir bifreiðar og eftirvagna, óháð leyfðri heildarþyngd.*

Hemlaprófarinn skal vera hentugur til að nota við hemlaprófun eins og lýst er skoðunarhandbók.

Hemlakraftar skal vera unnt að mæla fyrir hvert hjól og mismun milli hemlakrafta hvors hjóls sem hlutfall af hærra gildi á ás. Þá skal vera unnt að mæla aflögun hemla og framreikna hemlunargetu í samræmi við forsendur í skoðunarhandbók.

Allar mæliniðurstöður skulu vera í tölugildum í samræmi við SI mælikerfið og skoðunarhandbók.

Hemlaprófarinn skal að öðru leyti uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) Hemlaprófari af rúllugerð skal gerður fyrir a.m.k. 10.000 kg áspunga ökutækis.
- b) Viðnámsstuðull milli blauts viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.
- c) Hemlaprófari af rúllugerð skal hafa innbyggða skriðvörn þannig að skrið milli hjólbarða og viðnámsflatar verði aldrei meira en 30% þegar próf fer fram. Verði skrið meira skal skriðvörn rjúka stýristraum þannig að prófun hætti.
- d) Við hemlapróf skal hraði í snertifleti hjólbarða og viðnámsflatar hemlaprófara vera a.m.k. 2 km/klst.
- e) Niðurstöður mælinga á kröftum skulu koma fram á tveimur mælum (fyrir hægri og vinstri hjól) með ávísun eða með myndrænni og stafrænni framsetningu. Niðurstöður annarra mælinga skulu settar fram á mælum og/eða í formi útskriftar á pappír. Skjáir eða mælar skulu vera greinilegir aflestrar. Allar skriflegar upplýsingar skulu vera á íslensku.
- f) Kvörðun hemlaprófara skal vera í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.
- g) Frávik í mælinákvæmni hemlaprófarans má mest vera 3% miðað við raungildi hemlakrafts í kvörðunarpunkti.
- h) Við kvörðun mæla sem sýna mismun milli hemlakrafta hjóls hægra og vinstra megin á ási skal lægra aflestur vera innan 2,5% fráviksmarka miðað við hæsta aflestur í hverjum kvörðunarpunkti.
- i) Hann skal geta reiknað hemlunargetu í samræmi við reiknireglur sem fram koma í skoðunarhandbók. Nægilegt er að unnt sé að reikna hemlunargetu út frá mældum þrýstingi í hemlakerfi og miðað við leyfða heildarþyngd eða áspýngd eftir því sem reglur kveða á um.
- j) Hemlaprófari af rúllugerð sem notaður er við ökutækjaskoðun skal búinn eftirfarandi öryggisbúnaði:
  - i) Öryggi í gryfju, þannig að ekki sé unnt að gera hemlapróf ef maður í gryfju er í innan við 1,5 m fjarlægð frá prófanum.
  - ii) Hemla af rúllugerð skal búinn ræsivörn sem tryggir að hemlapróf geti því aðeins farið fram að stýristraumur inn á prófara hvors hjóls fyrir sig hafi verið kveiktur og að álag sé á báðum prófurunum í einu.

4. gr.  
*Mengunarmælar.*

Við mælingar á mengun í útblæstri skal nota mælitæki sem mæla eftirfarandi mengandi gastegundir og efni í útblæstri ökutækja og miðað við eftirfarandi lágmarks mælisvið og mælinæmni:

Efni	Mælisvið	Mælinæmni
kolsýringur (CO)	0-7% rúmmáls	0,01% rúmmáls
koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	0-16% rúmmáls	0,1% rúmmáls
kolvetni (HC)	0-2000 ppm (einingar)	1 ppm (einingar)
súrefni (O <sub>2</sub> )	0,20% rúmmáls	0,1% rúmmáls
lofttala (lambdagildi)	0,8-2,0	0,01
svertustuðull (K-gildi)	0-5,50 m- 1	0,01 m- 1
ljósgleypni	0-99,9%	0,1%

5. gr.  
*Ljósaskoðunartæki.*

Ljósaskoðunartæki skulu búin safnlinsu, færanlegu geislaspjaldi með kvarða sem sýnir niðurvísun aðalljósa, ljóskastara eða þokuljósa í sentimetrum fyrir hverja 10 m. Mælinína á geislaspjaldi skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð um gerð og búnað ökutækja um hæðarvísun ljósgeisla.

Ljósaskoðunartæki skal komið þannig fyrir að halli brautar sem tækið gengur á víki innan við 1 mm fyrir hvern metra frá láréttu plani og skal svæði það, sem ökutæki stendur á við skoðun, einnig vera í láréttu plani. Mesta leyfilega frávik frá stöðuplani ökutækis er 2 mm á m.

6. gr.  
*Hljóðstyrksmælir.*

Hljóðstyrksmælir skal a.m.k. uppfylla kröfur skv. staðli DIN/IEC 651, flokkur 3L. Auk þess skal tækið hafa mælisvið a.m.k. 40 - 120 dB(A), geta fest hámarks mæligildi og hafa tvenns konar viðbragðstíma. Tækið skal kvarða með þar til gerðum hljóðgjafa.

Hljóðstyrksmælis er ekki krafist á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja.

7. gr.  
*Hjólþeytir (spinnari) fyrir stór ökutæki.*

Hjólþeytir til að snúa hjólum ökutækis sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd skal þannig gerður að hann geti snúið stærstu ódriftengdum hjólum undir bifreið á fullnægjandi hraða sem gefur möguleika á að finna misþyngd á hjóli og/eða skemmdir í legu hjólvalar. Hjólþeytis er ekki krafist á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

8. gr.  
*Lyfta eða gryfja.*

Ökutæki skal annað hvort skoða yfir hentugri gryfju eða lyftu.

Fari skoðun fram yfir gryfju skal hún búin lyftara sem hægt er að renna til og lyfta hverjum ási ökutækis fyrir sig, en fari skoðun fram á lyftu skal hún lyfta undir hjól ökutækisins. Lyftan skal hafa búnað til að hreyfa framhjól (hreyfiplötu) og lyfta ásnum. Á gryfju skal vera hreyfiplata. Ekki er krafist hreyfiplötu og lyftu sem lyftir undir öll hjól ökutækis á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja.

9. gr.  
*Handverkfæri.*

Skoðunarstofa sem annast skoðun og úttekt ökutækja skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum handverkfærum sem nota þarf við skoðun ökutækja eins og lýst er í reglum þar um. Má nefna nauðsynlegan fjölda fastalykla, málband, gráðuboga, spennijárn ásamt nauðsynlegum aflestunarklossum. Einnig tæki til að mæla slit og skemmdir á tengibúnaði.

Tæki sem notuð eru við skoðun skulu uppfylla kröfur Vinnueftirlits ríkisins um búnað og öryggi.

10. gr.

Skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæði skulu halda vel við öllum tækjum sem notuð eru við skoðun. Þá skal kvarða og stilla tæki í samræmi við kröfur í gæðakerfum aðila.



### III. VIÐAUKI

#### Um tækjabúnað vegaskoðunar.

##### 1. gr.

Tækjabúnaður við vegaskoðun er:

- a) mengunarmælar samkvæmt 4. gr. í II. viðauka
- b) [hemlaprófari samkvæmt 3. gr. í II. viðauka og/eða hemlunarklukka sem mælir hemlunarvirkni í akstri]<sup>64</sup>
- c) handljósaskoðunartæki.

---

<sup>64</sup> Rg. 367/2015, 6. gr.